

RARIK hf
Austurvegur 42
800 Selfoss

Reykjavík, 12. maí 2022
UST202204-223/Þ.V.B.
09.07.01

Efni: Umsókn um leyfi til framkvæmda - Skógá - Endurnýjun á streng vegna álagsaukningar

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn RARIK hf, dagsett 26. apríl 2022, um leyfi til framkvæmda innan náttúruvættisins Skógafoss

Skógafoss er friðlýstur sem náttúruvætti sbr. auglýsing í Stjórnartíðindum nr. 477/1987. Mannvirkjagerð og jarðrask, svo og aðrar breytingar á svæðinu eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar. Óheimilt er að skerða gróður, trufla dýralíf og raska jarðmyndunum innan svæðisins. Samkvæmt stjórnunar og verndaráætlun friðlandsins er flug ómannaðra loftfara óheimilt á svæðinu nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Kvikmyndataka, ljósmyndun og viðburðir skulu ekki trufla dýralíf innan náttúruvættisins og truflun við aðra gesti skal vera í lágmarki. Kvikmyndataka, ljósmyndun og viðburðir sem geta haft áhrif á náttúru svæðisins og upplifun gesta eru háðir leyfi Umhverfisstofnunar.

Skv. 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd skal við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til að plægja niður jarðstreng innan náttúruvættisins í gegnum bílastæðið framan við Skógafoss og yfir Skógá. Kort sem sýnir fyrirhugaða legu strengsins fylgdi með umsókn. Leiðinn fylgir sömu leið og jarðstrengur sem er fyrir á svæðinu. Leitað var álits Skipulagsstofnunar 9. mars 2022 um hvort framkvæmdin þyrfti að fara í mat á umhverfisáhrifum. Mat stofnunarinnar lá fyrir 1. apríl 2022 um að ekki sé þörf á að framkvæmdin þurfi málsmeðferð skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Að verkinu koma 3 starfsmenn á vél sem plægir niður strenginn. Áætlað er að fara í framkvæmdina um miðjan maí 2022 og að hún taki 1 dag.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefni líklegt til að hafa neikvæð áhrif á náttúrufar til skamms tíma litið. Rask verður á gróðri og bakka Skógár og líklegt að gestir verði fyrir truflunum. Að mati Umhverfisstofnunar er hægt að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar sé farið eftir skilyrðum leyfisins og þess gætt að gestir svæðisins eigi greiðan aðgang að bílastæðinu.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir RARIK hf fyrir sitt leyti leyfi fyrir lagningu jarðstrengs innan náttúruvættisins Skógafoss sbr. lýsingu hér að ofan frá dagsetningu þessa bréfs til 15. júní 2022 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga/vega skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga/vega að verkefni loknu.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Koma skal fyrir merkingum á framkvæmdarstað um að leyfi fyrir verkefninu hafi fengist hjá Umhverfisstofnun og tilgreina framkvæmdartímann.
- Tryggja skal aðgengi gesta svæðisins að bílastæðinu á meðan framkvæmdir fara fram og haga framkvæmdinni með þeim hætti að aðgengi að bílastæðinu skerðist ekki og merkja hjá leiðir þar sem þörf er á.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Einungis skal aka tæki sem plægir niður jarðstrenginn að og innan skilgreinds framkvæmdarsvæðis.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri. Þar sem þörf er á skal setja niður mottur til að keyra eftir til að hlífa gróðri og jarðvegi.
- Tryggja skal að plógurinn skeri bara svörðin en kuðli honum ekki saman þar sem farið er yfir gróðurlendi.
- Ef þörf er á að fjarlægja gróður skal það gert með þeim hætti að hægt sé að færa hann aftur á sinn stað að framkvæmdum loknum.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast, sem stuðlar að náttúrulegu útliti og um leið afmá öll ummerki framkvæmdarinnar.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags þarf fyrir verkefninu.

Leyfi þarf frá Fiskistofu skv. lögum um lax- og silungsveiði nr. 61/2006.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir er kr. 39.400.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst

Inga Dóra Hrólfsdóttir
sviðsstjóri

Magnús Freyr Sigurkarlsson
sérfræðingur